

UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2007/2008

Á verðlagsárinu 2007/2008 var mjólkurframleiðsla sem skráð var hjá Bændasamtökum Íslands samtals 125.805.155 lítrar. Greiðslumark verðlagsársins var 117.000 þús. lítrar og umframmjólk verðlagsársins varð því 8.805 þús. lítrar.

Samkvæmt uppgefnum tölum frá aðildarfélögum SAM var innvegin mjólk hjá þeim á síðasta verðlagsári samtals 124.954.730 lítrar og þar af lítrar innvegnir utan greiðslumarks samtals 7.925.839 lítrar.

Lágmarksverði mjólkur samkvæmt ákvörðunum Verðlagsnefndar búvöru, hér eftir nefnt afurðastöðvaverð, var breytt þrisvar sinnum á verðlagsárinu 2007/2008. Í eftirfarandi töflu eru tekin saman afurðastöðvarverð mjólkur í hverjum innvigtunarmánuði og innvigtun aðildarfélaga SAM á verðlagsárinu 2007/2008. Tölurnar eru síðan notaðar til að reikna út hvað greitt var fyrir mjólk í hverjum mánuði og til að reikna út vegið meðalverð mjólkur á verðlagsárinu 2007/2008.

VEGIÐ MEÐALVERÐ INNVEGINNAR MJÓLKUR Á VERÐLAGSÁRINU 2007 / 2008

		Innvigtun Ltr	Afurða- stöðvaverð Kr/Ltr	Kr
2007	sep.07	8.637.487	48,64	420.127.368
	okt.07	9.901.768	48,64	481.621.996
	nóv.07	9.412.756	49,26	463.672.361
	des.07	10.069.633	49,26	496.030.122
2008	jan.08	10.562.427	49,96	527.698.853
	feb.08	10.216.184	49,96	510.400.553
	mar.08	11.054.059	49,96	552.260.788
	apr.08	11.258.127	64,00	720.520.128
	maí.08	11.818.564	64,00	756.388.096
	jún.08	11.177.840	64,00	715.381.760
	júl.08	10.833.937	64,00	693.371.968
	ágú.08	10.011.948	64,00	640.764.672
SAM TALS		124.954.730		6.978.238.663
<i>b.a. umfram mjólk</i>		<i>7.954.730</i>	<i>-29</i>	<i>-230.687.170</i>
SAM TALS				6.747.551.493
Vegið meðalverð verðlagsársins 07/08			Kr/ltr	
6.747.551.493 kr / 124.954.730 ltr			=	55,85

Aðildarfélög SAM greiddu 35 kr/ltr fyrir Umframmjólk verðlagsársins. Verðið var því 29 kr/ltr lægra en verð fyrir mjólk innan greiðslumarks á tímabilinu apríl – ágúst 2008 (64 – 35 = 29 kr/ltr). Á yfirstandandi verðlagsári 2008/2009 hafa aðildarfélög SAM lýst því yfir að a.m.k. 40 kr verði greiddar fyrir hvern lítra af umframmjólk.

Aðildarfélög SAM fluttu út verulegt magn af mjólkurafurðum á verðlagsárinu 2007/2008. Umreiknað á próteingrunn nam útflutningur 12.741.953 lítrum en umreiknað á fitugrunn nam útflutningurinn 19.418.375

líturum. Útflutningur mjólkurvara á vegum aðildarfélaganna SAM á verðlagsárinu 2007/2008 ásamt, umreikningi útflutningsins í lítra mjólkur á fitu- og próteingrunni var sem hér segir:

Útflutningur aðildarfélaganna SAM verðlagsárið 2007/2008

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (líttrar)	prótein (líttrar)
Skyr	144.099	6.979	591.464
Smjör	897.103	19.236.580	1.301.696
Sérostar	2.857	30.667	19.842
Undanrennuduft	930.000	144.150	10.828.920
Samtals:	1.974.059	19.418.376	12.741.922

Útfluttar fitueiningar eru 77.673.502 og próteineiningar eru 42.048.345 Útflutningsverðmætum er skipt í sömu hlutföllum á efnaþætti og notaðir eru við útreikninga afurðaverðs, það er 25% á fitu og 75% á prótein. Meðalverð á útfluttan lítra er síðan reiknað samkvæmt meðalefnainnihaldi mjólkur.

Útflutningur mjólkurafurða hjá aðildarfélögum SAM samsvaraði mjólkurmagni sem var rúmum 4,8 milljónum líturum hærra, á próteingrunni, en öll umframmjólk sem félögin tóku á móti. Afkoma útflutnings mjólkurvara náði ekki að skila meðal afurðastöðvaverði mjólkur á verðlagsárinu 2007/2008. Helstu upplýsingar um afkomu útflutningsins er eftirfarandi:

Afkoma útflutnings mjólkurafurða aðildarfélaganna SAM verðlagsárið 2007/2008

Rekstrarliðir	M. Kr.
TEKJUR	
Tekjur erlendis	521
GJÓLD	
Útflutningskostnaður	64
Framleiðslukostnaður	68
Skilaverð samtals	389

Með þessari aðferð reiknast meðal skilaverð á útfluttan lítra 27-28 krónur á lítra. Meðalverðið er um 49% af meðal afurðastöðvaverði á verðlagsárinu, mismunurinn er 28-29 krónur á hvern lítra.